



Umtalsverð hagvaxtaráhrif af loðnuvertíðinni

Loðnuveiðar íslenskra skipa námu um 353 þúsund tonnum á nýliðinni vertíð sem er ríflega þrefalt meiri veiði en á sama tíma í fyrra. Ekki tókst þó að veiða upp í það heildaraflamark sem rann til íslenskra skipa en það nam 405 þúsund tonnum.




Hagvaxtaráhrif í kringum 0,8 prósentur

Gera má ráð fyrir að útflutningsverðmæti vertíðarinnar nemi í kringum 30 ma.kr. Endanlegar tölur um útflutningsverðmæti loðnu fyrir vertíðina eru ekki komnar enda hluti loðnuafurða oft ekki fluttur út fyrir en nokkrum vikum eða mánuðum eftir lok vertíðar. Á síðasta ári nam útflutningurinn um 14,8 ma.kr. og verður því um 15 ma.kr. meiri á þessu ári ef áætlunin reynist rétt. Landsframleiðslan var um 1.993 ma.kr. í fyrra og yrðu bein hagvaxtaráhrif þessa aukins útflutninga í kringum 0,8 prósentur.

Töluverð óvissa um endanlegt aflaverðmæti

Töluverð óvissa er um útflutningsverðmætið og helgast það að miklu leyti af því hvernig hráefnið er unnið. Þannig er útflutningsverðmæti breytilegt eftir vinnslu og gefa hrogn t.d. af sér mun meira verðmæti á hvert tonn en mjöl svo dæmi sé tekið. Sögulega séð hefur reynst töluverð neikvæð fylgni á milli veiða og hrognatöku. Þeim mun meiri veiði þeim mun minni áhersla hefur verið lögð á hrognatöku og öfugt. Íslenskar útgerðir hafa því að einhverju leyti geta mætt minni veiðum á síðustu árum með aukinn hrognatöku og þannig aukið útflutningsverðmætið.


Tölur Hagstofunnar um samsetningu vinnslu loðnu ná aftur til ársins 1999 og má sjá að fyrstu árin fór langstærsti hlutinn í mjöl og lýsi. Frá og með árinu 2003 tóku veiðar að dragast verulega saman og brugðust útgerðir við því með því að auka hlutfall verðmætari afurða eins og hrogn. Að vísu hefur mjöl og lýsi hækkað verulega á síðustu árum og langt umfram hækkanir á botnfiski. Þannig hefur verð á lýsi og mjöli tvöfaldast frá árinu 2006 en á sama tíma hefur verð á botnfiski hækkað um 13%.





Helming loðnuafllans er landað á þremur stöðum

Á síðustu árum hefur um helming aflans verið landað á þremur stöðum á landinu; Vestmannaeyjum, Neskaupstað og Vopnafirði. Aðrir stórir löndunarstaðir eru Eskifjörður, Þórshöfn, Seyðisfjörður, Akranes, Hornafjörður og Keflavík. Löndun loðnu dreifist á mun færri staði en löndun flestra botnfisktegunda. Það ræðst að nokkru leyti af því að mjög stór hluti veiðiheimilda í loðnu liggur hjá mun færri og almennt séð stærri fyrirtækjum en veiðiheimildir botnfisktegunda eins og þorsks.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.